

Nd.

638. Framhaldsnefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Í nefndaráliti undirritaðra, sem mynda 2. minni hluta félagsmálanefndar Nd., er á þskj. 609 sagt, að við munum freista þess „að fá fram þær helstu breytingar á frumvarpinu sem nauðsyn krefur, til þess að það geti orðið viðunandi“. Þar sem breytingartillögur okkar undirritaðra á þskj. 610 hafa allar verið felldar við 2. umræðu, teljum við eðlilegt að gefa út framhaldsnefndarálit til að gera grein fyrir nýjum upplýsingum, sem félagsmálanefnd hefur fengið í hendur, og eins til að leggja áherslu á nokkur helstu ágreiningsefni frumvarpsins.

Fjármögnun ótrygg.

Allir félagsmálanefndarmenn eru sammála um að fjármögnunargrundvöllur frumvarpsins sé afar veikur. Í nefndaráli meiri hlutans segir orðrétt:

„Meiri hluta nefndarinnar er fullljóst, að æskilegt hefði verið að fjármögnunarpáttur frv. væri fyrir fram ákveðinn til að ná þessum markmiðum...“

Allt nefndarálit 1. minni hluta (Jóhönnu Sigurðardóttur) er samfelld gagnrýni á það, hvernig staðið er að fjármögnuninni. Í upphafi nefndarálitsins segir:

„Eitt megininkennið á þessu frv., eins og það kemur breytt frá efri deild, er að mjög mikil óvissa ríkir um fjármögnunarpátt þess — og ekkert liggur fyrir um að hægt sé að standa á viðunandi hátt við þau markmið sem það setur.“

Í nál. 2. minni hl. (undirritaðra) segir:

„Meginalli frumvarpsins er sá, að aukin og ný verkefni eru lögð á íbúðalánakerfið án þess að því sé séð fyrir viðbótarfjármagni til að mæta hinum auknu þörfum.“

Undirritaðir lögðu þess vegna til, að Byggingarsjóðurinn yrði fjármagnaður með 3½% launaskatti, sem lagður er á atvinnureksturinn í þessu skyni.

Nýjar upplýsingar frá Hallgrími Snorrasyni hagfræðingi Þjóðhagsstofnunar sýna, að mikið vantar á, að fjármögnun sé tryggð, og hefur ástandið enn versnað með breytingum, sem gerðar voru í efri deild. Útreikningar Hallgríms og forsendur eru birt í sérstöku nefndaráli frá félagsmálanefnd.

Hlutfall félagslegra bygginga.

Í frumvarpinu er því slegið föstu, að þriðjungur fjármagnsins, sem skv. frv. á að ganga til húsbýgginga, skuli varið til svokallaðs félagslegs þáttar. Slíka lögfestingu á hlutfalli teljum við í fyllsta máta óeðlilega. Sjálfstæðismenn telja, að Byggingarsjóður ríkisins eigi að lána á þeim kjörum, að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir þeim með almennum launatekjum, en leggjum áherslu á að Byggingarsjóður verkamanna mæti þörfum þeirra, sem lakast eru settir. Aðstoð við þá verður best veitt, sé hún takmörkuð við þá eina.

Skipan stjórnar.

Undirritaðir telja, að ASÍ og önnur samtök vinnumarkaðarins eigi að hafa áhrif á ákvarðanir í húsnæðismálum með eðlilegum hætti. Okkur þykir hins vegar rangt, að slíkt gerist með beinni stjórnaraðild, eins og frv. gerir nú ráð fyrir. Fleiri samtök vinnumarkaðarins, eins og BSRB, FFSÍ, Stéttarsamband bænda og VSÍ, hafa einnig gert kröfu til beinnar aðildar, og auk þess hefur Samband íslenskra sveitarfélaga orðað slíka aðild fyrir sig. Við teljum, að öll þessi samtök eigi að hafa áhrif á ákvarðanir, en óæskilegt sé að það gerist með beinni stjórnaraðild þeirra. Afstaða Sjálfstæðisflokksins og reyndar fjölmargra annarra, sem kynnt hafa sér þessi mál — þ. á m. fulltrúa Framsóknarflokks og Alþýðuflokks í húsnæðismálastjórn — er hvorki byggð á annarlegum sjónarmiðum gagnvart verkalýðshreyfingunni né heldur skilningsleysi á gildi félagslegra úrræða, þar sem þeirra er þörf. Hér er um að ræða grundvallaratriði í skipan stjórnarsýslunnar og spurninguna um valdmörk Alþingis og hvenær eðlilegt sé að þingið framselji vald sitt til hagsmunasamtaka. Sjálfstæðisflokkurinn styður heils hugar að ASÍ hafi áhrif á ákvarðanir húsnæðismálastjórnar án beinnar aðildar að stjórninni. Á hinn bóginn telur Sjálfstæðisflokkurinn eðlilegt og æskilegt, að launþegasamtökin eigi beina aðild að stjórnnum verkamannabústaðanna, sem sérstaklega sinna hinum svokallaða félagslega þætti húsnæðismálanna.

Tæknideildin.

Undirritaðir telja óþarft að lögbinda deildaskiptingu Húsnæðisstofnunar. Eðlilegt er, að stofnunin stundi eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk auk þess að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdráttá að íbúðarhúsum. Hins vegar teljum við, að hönnun og sala íbúðarteikninga eigi ekki að vera í verkahring Húsnæðisstofnunar, enda er hún þá í beinni samkeppni við teiknistofur í einkarekstri.

Þar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki séð sér fært að koma til móts við ofangreind viðhorf Sjálfstæðisflokksins og fellt allar okkar breytingartillögur í þá átt, leggjum við undirritaðir til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 29. maí 1980.

Friðrik Sophusson, Steinþór Gestsson.
frsm.